

Fundargerð aðalfundar knattspyrnudeildar Umf. Hvatar

Mánudaginn 23. febrúar 2026 kl. 17:30

í norðursal Íþróttamiðstöðvarinnar á Blönduósi.

Mættir eru; Grímur Rúnar Lárusson, Arnór Guðjónsson, Kristín Ingibjörg Lárusdóttir, Snædís S. Aðalbjörnsdóttir, Ingunn María Björnsdóttir, Sara Lind Kristjánsdóttir, Agnar Logi Eiríksson, Ármann Óli Birgisson, Viktoría Björk Erlendsdóttir, Sigurgeir Þór Jónasson, Ásdís Adda Ólafsdóttir, Sara Björk Þorsteinsdóttir, Guðjón Ebbi Guðjónsson, Snjólaug M. Jónsdóttir og Sigurður Bjarni Aadnegard.

Gengið var til dagskrár.

1. **Formaður setur fundinn** – Sigurður Bjarni Aadnegard, formaður knattspyrnudeildar Umf. Hvatar setti fundinn.
2. **Kosinn fundarstjóri og fundarritari** - Formaður lagði til að Arnór Guðjónsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt einróma. Fundarstjóri tók þegar til starfa. Fundarstjóri lagði til að Grímur Rúnar Lárusson verði kjörinn fundarritari og var það samþykkt.
3. **Formaður flytur ársskýrslu deildarinnar** – Sigurður Bjarni Aadnegard, formaður, flutti ársskýrslu deildarinnar.
4. **Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar** – Fundargerðin borin upp og samþykkt samhljóða.
5. **Gjaldkeri leggur fram ársreikninga** – Grímur Rúnar Lárusson f.h. Arnórs Guðjónssonar, fór yfir ársreikning knattspyrnudeildar Hvatar vegna ársins 2025. Að loknum umræðum um ársreikninginn var hann borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.
6. **Stjórnarkjör;**
7. **Kosinn formaður** – Arnór Guðjónsson gaf kost á sér til formanns og var það samþykkt með lófaklappi.
8. **Kosinn gjaldkeri** – Agnar Logi Eiríksson bauð sig fram og var það samþykkt með lófaklappi.
9. **Kosinn ritari** – Sigurður Bjarni Aadnegard bauð sig fram og var það samþykkt með lófaklappi.
10. **Kosnir meðstjórnendur** –
Grímur Rúnar Lárusson bauð sig fram og var það samþykkt með lófaklappi.
Sara Lind Kristjánsdóttir bauð sig fram og var það samþykkt með lófaklappi.
11. **Önnur mál**
A. Búningamál: Fyrirhugað er að skipta um keppnistreyju á árinu 2026.

- B. Akstur á æfingar á Sauðárkróki.
- C. Styrkir
- D. Stofnun fjáröflunarnefndar knd. Hvatar. Markmið nefndarinnar verði að sækja styrki fyrir deildina og rútuferðir á Sauðárkrók. Samþykkt að eftirfarandi aðilar séu í fjáröflunarnefnd:
 - a. Sara Björk Þorsteinsdóttir
 - b. Ásdís Adda Ólafsdóttir
 - c. Guðjón Ebbi Guðjónsson
 - d. Kristín Ingibjörg Lárusdóttir
 - e. Agnar Logi Eiríksson, formaður
- E. Stofnun Smábæjaleikanefndar knd. Hvatar.
 - a. Stjórn knd. Hvatar
 - b. Kristín Ingibjörg Lárusdóttir, formaður.
 - c. Gunnlaug Kjartansdóttir
 - d. Sara Björk Þorsteinsdóttir
 - e. Ingibjörg Signý Aadnegard
- F. Stefnt verði að útiæfingum lengur fram á haustið ef veður leyfir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:42.